

Fundargerð

57. stjórnarfundur FHA haldinn 28. apríl 2014 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Engilbertsson (GE), Ólína Freysteins (ÓF) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Kjaramál

Samningar liggja nú fyrir til samþykktar félagsmanna. Í stofnanasamningi verða veitt 3 þrep frá ágúst, en ekki september. Kennarar í HÍ fá þessa hækkun strax – ljóst er að við fáum hækkunina 4 mánuðum seinna sem er áhyggjuefni. 4 þrep verður veitt um áramót. Að meðaltali verður þetta 6,3-7,4% hækkun fyrir starfsmenn. Þetta er fyrir utan hækkun aðalkjarasamnings um 2,8% sem mun taka gildi 1. mars 2014.

Greidd verður eingreiðsla að upphæð 14.600 þegar samningur hefur verið samþykktur. Næsta eingreiðsla verður 1. apríl uppá 20.000. Orlofsuppbót mun hækka í 39.500 sem og desemberuppbót í 73.600.

4 milljónir verða settar í endurskoðun á stofnanasamning.

Viðræðuáætlun sett fram, en í febrúar 2015 eiga viðræður að hefjast varðandi nýja samninga.

Boðað verður til opins fundar á morgun klukkan 12:30 þar sem efni samningsins verður kynnt og mun kosning félagsmanna hefjast í kjölfarið. Kosning mun standa frá 5. -7. maí. Stefán mun sjá um það mál. Hjördís mun senda út tilkynningu á félagsmenn varðandi fundinn.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 12:45

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.